

I. töl. 30. árg. febrúar 2016

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga



sik.is

ORÐ TIL UMHUGSUNAR:

Hverjum þjóna ég?

„Vitið þið ekki, að ef þið þjóðið öðrum sjálfa ykkur fyrir þjóna og hlýðið honum, þá eruð þér þjónar þess sem þér hlýðið, hvort heldur er syndar til dauða eða hlýðni til réttlætis.“

Rómverjabréfið 6.16. (HÍB 1981)

Það er auðvelt að efast um stöðu sína í augum Guðs þegar maður finnur syndina í lífi sínu. Þegar þú fellur á ný og á ný í synd – já, mætir jafnvel sömu freistingunni aftur og aftur og fellur í hvert sinn. Þú þekkir eðli þitt. Veist sjálfsagt hvar veikleikar þínir liggja. Þú kemur til Jesú í örvæntingu þinni, iðrast og biður um styrk og náð. En engin breyting verður.

Páll postuli birtir langan lista yfir mögulega lesti í Galatabréfinu 5.19-21: *Frillulífi, óhreinleiki, saurlífi, skurðgoða-dýrkun, fjölkyngi, fjandskapur, deilur, metingur, reiði, eigingirni, tvídrægni, flokkadráttur, öfund, ofdrykkja, svall...* Er eitthvað sem þú kannast við á þessum lista? Og svo segir Páll, að þeir sem gera þetta muni ekki erfa Guðs ríki! Hver er þá eiginlega von þín? Þú sem reynir - og reynir á ný, biður og grætur en tekst aldrei að losna við syndina sem hangir við þig. Hverjum þjónar þú eiginlega?

Svarið við spurningunni er þetta: **Þeim sem á hjarta þitt!** – Jesús segir það skýrt í Matt. 6,24: „*Enginn getur þjónað tveimur herrum. Annaðhvort hatar*

hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og afrækir hinn.“ – Hver á hjarta þitt? Hver er herra þinn? Er það Jesús, svo þú lætur þig falla í náðarfaðm hans í hvert sinn sem syndin fellir þig? Eða er það Satan, svo þú afsakar og réttlætir syndina í lífi þínu? Þetta er spurning um líf og dauða (Róm.6.23).

Svo lengi sem við erum hér á jörðinni munum við glíma við syndina, falla og bregðast bæði Guði og mönnum. Sá sem dvelur við syndina og réttlætir hana þjónar ekki Guði. En synd hefur ekki vald yfir þeim sem hefur gefist Jesú Kristi, fylgir honum og lifir í Orði hans og fyrirgefningu. Mælikvarðinn er hjartað! Hver ræður þínu hjarta?

FHZ



GJAFAKORT KRISTNIBOÐSSAMBANDSINS FÁST Í BASARNUM, AUSTURVERI

SIK.IS/GJAFAKORT

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK. Blaðið Kristniboðsfréttir segir frá kristniboðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniboð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Bláðið kemur út fjórum sinnum á ári. Áskrift er ókeypis. Þeir sem hafa áhuga á að fá Kristniboðsfréttir eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsins á Háaleitisbraut 58-60.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður er Kristín Bjarnadóttir. Prófarkalestur sér Edda Ólafsdóttir um. Útlit og uppsetningu annast Hermann Ingi Ragnarsson. Prentun er í höndum Ísafoldarprentsmiðju. Útgefandi er Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniboðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík. Sími: 5334900.

Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: <http://sik.is>
Formaður Kristniboðssambandsins er Ólafur Jóhannsson.
Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

HVAÐ ER KRISTNIBOÐ?

Kristniboðar hafa reynt að hjálpa fólki, sem býr við hörmungar, fátækt, líkamlega og andlega vanlíðan með ýmsum hætti. Íslenskir kristniboðar starfa í Afríkulöndunum Eþíópíu og Keníu og í Japan. Þar vinna þeir að alhliða fræðslu, hjúkrun, heilsuvernd og margs konar þróunarverkefnum svo sem umbótum í landbúnaði, verndun vatnsbóla og fleiru. Á tímum hungursneyðar taka þeir þátt í viðtæku hjálparstarfi og matvæladreifingu. Samhliða þessu er trúin á Jesú Krist boðuð. Hún veitir fólki nýjan styrk og lausn undan valdi illra afla. Trúin gefur nýja lífsvon.

FJÁRMÖGNUN

Allt starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks. Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2818 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er upp á tæpar 70 milljónir á þessu ári.

Við þökkum fyrir gjafir til starfsins!

HEILOG JÖRD

Dr. theol. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur, skrifar hugvekjuna í blaðið.

Hún var lítil í sér. Eiginlega má segja að hún hafi verið aðframkomin, andlega og líkamlega uppgefin. Hún hafði verið í löngu og erfiðu sjúkdómsferli. Hafði greinst með lífshættulegan sjúkdóm og strax í upphafi hafði hún gengið í gegnum allan tilfinningaskalann. Hún hafði verið kvíðin og hrædd, döpur og sorgmædd og í raun má segja að tilfinningarnar hafi verið að koma og fara frá einum degi til annars. Hún hafði samt sem áður ákveðið að tileinka sér bjartsýni og að reyna eftir fremsta megni að leggja sig alla fram og gera sitt besta. Eftir flókna meðferð varð síðan ljóst að sjúkdómurinn hafði ekki látið undan síga heldur hafði hann ágerst fremur en hitt. Hún og fjölskylda hennar höfðu fengið þessa vitneskju á fjölskyldufundi á spítalanum og þar kom fram að nú yrði áhersla lögð á að veita líknandi meðferð þar sem einkenni sjúkdómsins yrðu meðhöndluð og henni stæði til boða að þiggja pláss á líknardeild. Eftir langa umhugsun ákvað hún og fjölskylda hennar að þau skyldu taka þessu boði – en þau voru samt hálf kvíðin.

Sú ákvörðun að leggjast inn á líknardeild er síður en svo léttvæg. Margt fer í gegnum hugann og ósjálfrátt tengja margir líknardeild við dauðann og að innlögn þar jafngildi því að viðkomandi sé að deyja. Auðvitað deyr fólk á líknardeild en deildin sérhæfir sig í einkenameðferð þar sem áhersla er á að meðhöndla flókin einkenni sjúkdóms og iðulega útskrifast fólk með betri líðan og getur dvalið heima hjá sér.

Sem sjúkrahúsprestur mæti ég fólki í sambærilegum aðstæðum og greint er frá hér að ofan. Þjónusta mín felst fyrst og fremst í sálgæslu þar sem hlúð er að

andlegum þörfum hvarrar manneskju og boðin er samfylgd sem grundvallast á umhyggju, nærveru og virðingu. Í sálgæslunni er tekist á við margs konar vangaveltur, spurningar sem snerta andlega eða trúarlega og tilvistarlega þætti. Það eru forréttindi að fá leyfi fólks til þess að vera með því á þessum tímamótum í lífinu þar sem dauðinn hefur vissulega nálgast og ljóst er að það er fyrst og fremst spurning um tíma. Í slíkum aðstæðum fer margt í gegnum huga fólks þar sem sorgin er sterk tilfinning og yfirvofandi aðskilnaður við ástvini er þungbær tilhugsun.

Tengsl verða sérstaklega mikilvæg, tengsl manneskunnar við sjálfa sig, Guð eða æðri mátt og tengsl við fjölskyldu og þau sem standa fólki næst. Í sálgæslunni verður til trúnaðarsamband þar sem fólk deilir persónulegri reynslu og lífssýn, því sem allajafna er eitthvað sem fólk hefur út af fyrir sig og snertir í raun innsta kjarna veru hvarrar manneskju. Ég hef oft sagt að í slíkum samskiptum finnist mér ég ganga inn á heilaga jörð – þar sem allt er á forsendum þeirra sem sálgæsluþjónustuna þiggja. Þegar gengið er inn á heilaga jörð verður til ákveðin auðmýkt og lotning fyrir viðfangsefninu eða eins og segir í Biblíunni: „...drag skó þína af fótum þér því að staðurinn, sem þú stendur á, er heilög jörð“ (2. Mós. 3:5).

Fyrirmyndin að sjúkrahúsprestsþjónustunni er sótt til Jesú Krists. Hann mætti og sinnti samferðafólki sínu og þeim sem leituðu til hans á persónulegan og kærleiksríkan hátt. Jesús kom fram við hverja manneskju sem einstaka sköpun Guðs, hann gerði engan mannámun, gaf hverjum þann tíma sem viðkomandi þarfnæðist og mætti þörfum hvers og eins. Hvatning hans er sú að við komum á sama hátt fram við samferðafólk okkar og ekki síst



þau sem þurfa helst á aðstoð að halda svo sem þau sem eru að glíma við erfiðu veikindi sem eru jafnvel lífshættuleg.

Hún fann fyrir ákveðnum létti eftir að hafa tekið ákvörðun um að leggjast inn á líknardeild og þegar hún kom á deildina lýsti hún og fjölskylda hennar því hvernig þau fundu fyrir ákveðnu öryggi – það gekk betur að meðhöndla einkenni sjúkdómsins. Hún og fjölskylda hennar gátu átt innihaldsríkar stundir þar sem þau töluðu um það sem skipti þau máli og gerðu það sem þeim fannst mikilvægast um leið og þau leyfðu sér að hlæja og gráta saman.

Í hnotskurn er hlutverk okkar sem kristin erum að lifa trú okkar með því að mæta hvert öðru eins og Jesús gerði. Þannig berum við trú okkar best vitni.



FINNSKIR SJÁLFBOÐALIÐAR Á ÍSLANDI

Hjónin Topias og Eveliina eru sjálfboðaliðar hjá Kristniþóðssambandinu.

Ég og eiginmaður minn, Topias Meriö, komum til Íslands fyrir rúmum mánuði. Við komum úr biblíuskóla sem Finnska lúterska kristniþóð, FLM, rekur. Þegar við veltum því fyrir okkur síðast liðið vor hvert við ættum að fara í einskonar starfsþjálfun datt okkur ekki Ísland í hug. Við áttum okkur ekki draum um að koma til Íslands, við vissum varla að landið væri til. En vegir Guðs eru órannsakanlegir. Allt í einu komst engin önnur hugsun að hjá mér en Ísland. Við ættum að reyna að fara þangað. Ég sagði Topiasi frá hugmyndinni og við ypptum öxlum og hugsuðum, því ekki það? Við vissum lítið um Ísland og vissum ekki hvort hér væri kristið fólk.

En við komumst að því og glöddumst yfir því að Kristniþóðssambandið tók á

móti okkur. Við höfum hitt margt yndislegt fólk sem vill hjálpa okkur og leyfa okkur að hjálpa sér að boða fagnaðareriði. Við höfum nú tekið þátt í ýmsu og erum glöð að geta hjálpað, sérstaklega þegar kemur að ungu fólk.

Kristindómurinn virðist eiga erfitt uppdráttar á Íslandi. Mikil neikvæðni og heimshygga virðast ráðandi. Við höfum orðið vör við að kristið fólk er dæmt fyrir trú sína. Okkur langar mjög mikið til að uppörva kristin ungmenni til að vitna um trú sína. Það er ekki auðvelt að vera kristin en við ættum aldrei að skammast okkar fyrir sannleika krossins. Að starfa með ungu fólk á Íslandi var ósk okkar áður en við komum en við vitum ekki enn hvernig best væri að gera það. Draumur okkar er að koma á fót einhvers konar ungmennafjölmíðli en það á eftir að koma í ljós hvort sá draumur er eftir Guðs vilja.

Eveliina Meriö



Hjónin Eveliina og Topias Meriö.

BEIÐ FÜRIR FRÍÐI Í TYRKLANDI

Í janúar kölluðu 12 tyrkneskir prestar til sérstakrar bænastundar á svæðinu í kringum Diyarbakir þar sem stríðsátök hafa geisað undanfarna mánuði. Blóðsúthellingar síðasta sumar leiddu til þess að útgöngubanni var komið á í Diyarbakir. Síðan þá hefur spennan á svæðinu aukist og Frelshreyfing Kúrda berst þar gegn tyrkjaher. 170 óbreyttir borgarar hafa fallið í átökunum.

Um miðjan janúar sprakk bílsprengja í grennd við lögreglustöð í Diyarbakir og fleiri sprengjur sprungu í kjölfarið. Auk barns létust fimm í árásinni og 39 særðust. Samkvæmt yfirmanni fréttastofu Sat-7 í Tyrklandi, Seyfi Genc, má rekja þessi viðvarandi átök til niðurstöðu kosninga sem haldnar voru í landinu 7. júní í fyrra.

EINSTAKUR VITNISÞURÐUR OG BÆNASVAR

Tólf tyrkneskir prestar frá hinum ýmsu borgum komu saman á skrifstofu borgarstjóra Diyarbakir þar sem fulltrúar yfirvalda biðu þeirra og báðu til Guðs um frið. „Það er afar mikilvægt að prestarnir skuli hafa farið og sýnt í trú og verki þrá kristinna manna um frið. Það hefur sjálfsagt aldrei gerst áður í Tyrklandi að kristnir menn fái að biðja með þessum hætti í opinberri byggingu,“ lét Seyfi Genc hafa eftir sér.

Formaður samtaka evangelískra kirkjuleiðtoga í Tyrklandi, Íhsan Özbek, segir að með heimsókn prestanna hafi allir málsaðilar verið hvattir til að leita sátta og friðar. „Við elskum landið okkar

og alla íbúa þess, háa sem lága, við biðjum stöðuglega algóðan Guð í Jesú nafni að blessa landið okkar og alla sem þar búa.“

Tyrkneskar útsendingar Sat-7 nást í Diyarbakir og í þeim er að finna boðskap um sannan frið.

(Heimild: Sat7.org)



Frá Istanbul í Tyrklandi.

SKÓLAGJÖLD Í PÓKOT

Kristniboðarnir Kjellrun og Skúli Svavars-son eru nú í Kapengúría í Pókothéraði í Keníu. Skúli kennir þar á námskeiði fyrir prédikara. Í bréfum frá þeim hjónum kemur fram að margir koma til þeirra og biðja um peninga til að greiða skólagjöld fyrir börnin sín og því fylgir mikið álag. Það er erfitt að neita fólki í neyð en ekki geta þau hjálpað öllum. Vilt þú hjálpa? Hér er úr bréfi frá Skúla:

„Þegar smá stund gefst frá kennslunni þá eru stöðugar heimsóknir og beiðnir um aðstoð. Mest eru það foreldrar sem koma og biðja um hjálp vegna skólagjalda barnanna. Þetta er mjög mikið vandamál hér og liggur þungt á foreldrum sem vilja að börn þeirra fái góða menntun. Það er helst ríka fólkið sem hefur efni á greiða skólagjöld fyrir börn sín. Margir góðir nemendur sitja heima vegna þess að þeir hafa ekki efni á að greiða skólagjöld framhaldsskólans sem eru 70-100 þúsund krónur á ári. Mánaðarlaun verkamanna eru um 6000 á mánuði. Með hjálp, sem við fengum frá Íslandi og Noregi nú í janúar, gátum við hjálpað 25 nemendum með fjórtán þúsund króna styrk á mann. Allir sem fengu styrk eru mjög þakklátir þó þetta nægi ekki nema aðeins til að fá að byrja í náminu. Ég er með á biðlista nöfn á 41 nemanda sem við getum ekki hjálpað og fleiri bætast við þegar nem-



Stúlkur í framhaldsskólanum sem Kristniboðssambandið byggði í Propoi.

endur í fyrsta bekks framhaldsskóla hefja nám sitt í vikunni. Margir þessarra nemenda eru börn starfsmanna kirkjunnar sem eru oft í fullu starfi án þess að kirkjan geti greitt þeim laun nema einn og einn mánuð.“

Kristniboðssambandið vill gefa lesendum blaðsins tækifæri til að styrkja nemendur til náms í Pókot. Þeir sem hafa áhuga geta lagt inn á reikning 0117-26-2818, kt. 550269-4149 með skýringu á að um skólagjöld í Pókot sé að ræða.

BÚIÐ AÐ SKILA TÆKNIBÚNAÐI SAT-7 Í KAÍRÓ

Laugardaginn 10. október sl. réðust fulltrúar egypskra yfirvalda inn í kvikmyndaver Sat-7, kristlegu sjónvarpsstöðvarinnar, í Kaíró, og gerðu upptækar kvikmyndatökuvélar og búnað til sjónvarpsútsendinga. Yfirmaðurinn, Farid Samir, var yfirheyrður í sex klukkustundir.

Yfirvöld skiluðu búnaðinum aftur þann 28. janúar, meira en þremur mánuðum eftir að lögreglan tók hann. Starf stöðvarinnar í Egyptalandi hefur verið lamað eftir

að búnaðurinn var tekinn. Engar beinar útsendingar og lítið verið framleitt af nýju efni. Arabíska rásin og barnarásin hafa sent beint frá kvikmyndaverinu í Líbanon.

„Við erum þakklát fyrir að fá tæki okkar og tól tilbaka í góðu ástandi, auk sjónvarpsefnis sem við unnum að,“ segir Farid Samir.

„Undanfarnar vikur höfum við verið undir andlegu álagi en stuðningur kirkjunnar um allan heim hefur verið okkur

hvatning. Við hlökkum til að halda starfinu áfram og þjóna Guði. Við þökkum fyrirbæn og stuðning og biðjum þess að starfið geti hafist að fullu aftur“, segir Farid Samir.

Ekki er enn vitað hvers vegna lögreglan taldi sér skylt að fjarlægja búnað stöðvarinnar en starfsfólkið er þakklátt fyrir allan stuðning sem það hefur fengið og fyrirbæn.

(Heimild: Sat7.org)

ÍSLENSKUR DRENGUR FERMDUR Í ÞÓKOT

Kristniboðarnir Fanney Ingadóttir og Fjölínir Albertsson fóru til starfa í Pókot í Keníu í desember fram í janúar. Með í för voru þrír synir þeirra. Einn þeirra, Salómon Sandel, var fermdur milli jóla og nýárs. Fanney sendir okkur frásögn af ferminu hans.

Fyrir þó nokkru ákvað Salómon, sonur okkar, að láta ferma sig í Pókot. Hann fékk fermingarkennslu hjá sr. Óskari Inga Ingasyni sem býður upp á góða fermingarfræðslu á netinu.

Við spurðum samstarfsmann okkar, sr. Nicolas Loyara, hvort fermin væri hluti af helgisið kirkjunnar og hann sagði að svo væri og að hann gæti fermt Salómon næst þegar við kæmum til Keníu. Fyrir Salómon var mikilvægt að athöfnin yrði í takt við tilganginn og að áherslan yrði á staðfestinguna en ekki á gjafir.

Nokkrum dögum fyrir ferminu kom Loyara með geit sem hann vildi gefa fermingardrengnum. Það var ákveðið að sú geit yrði veislumaturinn. Salómon tók þátt í slátrun geitarinnar og fannst það merkilegt.

Á sjálfan fermingardaginn fór Fjölínir eldsnemma að ná í prestana og fjölskyldur þeirra. Þegar þau voru komin gat athöfnin byrjað, bara um klukkustund of seint. Athöfnin byrjaði með söng og gleði og voru bæði Lokir og Loyara prestar. Loyara byrjaði á að útskýra muninn á skírn og ferminu og síðan hélt Lokir ræðu. Inn á milli var sungið og allir viðstaddir kynntir. Gestir voru þeir sem vinna á kristniboðslóðinni ásamt þeim sem Salómon þekkti og langaði til að bjóða. Athöfnin var virkilega skemmtileg. Eftir ræðuna náðu konurnar í kökur sem ein hafði bakað í tilefni fermingarinnar og hófst þá löng kökuathöfn, þar sem Salómon mataði prestana, foreldra og fjölskyldu ásamt öðrum. Gjafir voru gefnar, þar á meðal hani, geit, perlufestar og Biblía. Söngur og trommusláttur var mjög mikill, glaumur og gleði.

Svo var geitin borðuð ásamt chapati (pönnukökur), úgali (maísgrautur), hrís-



grjónum og súpu. Einnig var boðið upp á hæsnarétt. Að kenískum sið var hægt að velja annað hvort kalt gos eða „heitt“ gos.

Dagurinn var yndislegur og versin sem Fjölínir gaf syni sínum eru Kólussubræfið 3. 1-4:

Hinn gamli og nýi maður

Fyrst þér því eruð uppvaktir með Kristi, þá keppist eftir því, sem er hið efra, þar sem Kristur situr við hægri hönd Guðs. Hugsíð um það, sem er hið efra, en ekki um það, sem á jörðinni er. Því að þér eruð dánir og



líf yðar er fólgið með Kristi í Guði. Þegar Kristur, sem er líf yðar, opinberast, þá munuð þér og ásamt honum opinberast í dýrð.

Við erum þakklát fyrir að hafa haldið ferminu með bræðrum okkar og systurum í Pókot og Lokir sagði hlæjandi eftir athöfnina að ef hann hefði vitað hvað þetta yrði ánægjuleg athöfn, hefði hann komið með öll börnin sín til að láta ferma þau. Ferminu gekk vel og tók bara um 3 klukkutíma sem telst stuttur tími í Pókot.

Fanney Ingadóttir

KVEÐJA FRÁ PÓKOT

Hjónin Fanney Ingadóttir og Fjöl­nir Albertsson voru kristni­boðar í Pókot í Keníu á vegum Kristni­boðssambands­ins. Þau voru í Pókot um jólin og tóku þátt í starfi kirkjunnar.

Nú erum við fjölskyldan búin að vera heima í Noregi í rúmar þrjár vikur eftir nokkar vikur í Keníu. Við fórum til Keníu ásamt þremur sonum okkar en einn valdi að fara til Íslands og halda jólin þar með ættingjum og vinum. Ferð okkar var innihaldsrík að venju.

Við erum svo þakklát fyrir að hafa getað heimsótt bræður og systur í Pókot aftur eftir tvö og hálf ár. Strákarnir voru glaðir að hitta bæði vini sína og ferfætlinga.

Fjöl­nir fór tveimur vikum á undan okkur hinum og notaði tímann vel til að ferðast um Pókot og Baringó. Hann fór í þrjár ferðir með „outreach teyminu“, innfæddum kristni­boðum sem boða fagnaðareri­nið á nýjum slóðum, og hann kannaði líka nýtt svæði sem er í Baringó, austur af Pókot.

Fyrsta sunnudaginn eftir að við fjölskyldan komum til Kapenguría fórum við til Marakwet. Þar var vel tekið á móti okkur. Formaður „outreach teymisins“, Charles á heima þar og Christopher Mayo, sem er prédikari í Kimarich, sem er tiltölulega ný kirkja í Marakwet.

Það er gaman að segja frá því að síðast þegar við heimsóttum Kimarich bauð móðir bræðranna sem gáfu kirkjunni land, okkur í mat. Konunni var mikið niðri fyrir og sagði hún að sonur sinn hefði yfirgefið eiginkonu og börn og lagst

í drykkju. Hann átti þrjár eiginkonur og 18 börn sem hann nú vanrækti. 11 af þessum börnum ætti hann með fyrstu konunni og elsta dóttirin væri þá í 2. bekk í framhaldsskóla.

Stúlkunni hafði verið vikið úr skóla vegna ógreiddra skólagjalda og það hún okkur um aðstoð. Við báðum saman og vorum sammála um að bæninn væri sterkasta vopnið og mesta hjálpin varðandi eiginmanninn. Við hjálpuðum þeim en áttum síðan ekki í neinum samskiptum við fjölskylduna.

Þegar við vorum núna í Marakwet kom kona til mín og bað mig að hitta dóttur sína. Ég þekkti dóttur hennar ekki aftur, en hún var stúlkan sem við hjálpuðum með skólagjöldin. Hún þakkaði fyrir hjálpina og lét okkur vita að sig langaði í háskóla. Eftir guðsþjónustuna kom móðir stúlkunnar aftur til mín og vildi tala við okkur. Þá kynnti hún eiginmann sinn fyrir okkur og sagði að Guð hefði heyrt bænir sínar. Hann væri hættur að drekka og farinn að sækja kirkju. Nú er hann einn af öldungum safnaðarins. Þetta er vitnisburður um hvað bæn er, hver Guð er og hvernig fyrirætlanir hans eru. Mér þykir ákaflega vænt um þessi málalok. Við vitum ekkert hvert framhaldið verður, hvorki fyrir okkur né þau, en það er huggun og þakkarvert að við erum í Guðs hendi.

Hillary, götustrákurinn sem ég reyndi að hjálpa í Makutanó og hef áður sagt frá, er einnig þakkarefni. Hann fór í skóla og ætlar í bændaskóla ef Guð lofar. Munið eftir honum í bæn.

Við biðjum Guð um að blessa fólkið í Pókot og þig kæri lesandi.

„Stælið hinar máttvana hendur, styrkið hin skjöggrandi kné! Segið hinum ístöðulausu:

Verið hughraustir, óttist eigi! Sjá, hér er Guð yðar!“ (Jesaja 35:3-4a).



Hillary (lengst til vinstri) var einn af götubörnunum sem fékk hjálp.



Eiginmaðurinn, fyrsta konan (með hæruna) og dóttirin lengst til hægri sem kom og þakkaði fyrir hjálpina.



Tengdamóðirin ásamt fyrstu og annari eiginkonu sonar hennar.



HEIMSÓKN TIL VOITÓ Í EPÍÓPÍU

Í kringum 1970 fóru íslensku kristniðóðarnir í Konsó nokkrar boðunarferðir til Voitó en árið 1988 var tekin sú ákvörðun að ráðast þar í markvisst útbreiðslustarf. Í samráði við öldunga þjóðflokksins og með þeirra leyfi var byggð upp heilsugæsla og húsakostur á lóðinni sem Mekane Yesus kirkjunni var úthlutað. Síðan þá hafa sex fjölskyldur eða einstaklingar frá Íslandi og Skandinavíu unnið að kristniðóði í Voitó. Nú eru þar starfandi norsk/sænsk hjón sem hafa það verkefni að stýra þýðingu Biblíunnar yfir á tungumál Voitó fólksins.

Við hjónin ásamt börnunum okkar fluttum til Voitó sumarið 2008 og vorum þar fram til ársins 2010 þegar við fluttum aftur til Íslands frá Epíópíu. Síðan þá höfum við ekki komið til Epíópíu og því var það afar kærkomið tækifæri sem okkur bauðst að fara í sex vikna starfsferð til Epíópíu, frá byrjun desember til miðs janúar.

Það var sérlega ánægjulegt að fá að heimsækja Voitó á uppskerutíma. Í haust hafði rignt meira en venjulega og því komið að uppskeru þegar við vorum stödd í Voitó um jólin. Allt er miklu einfaldara þegar fólkíð á mat og geiturnar og nautgripirnir hafa nóg gras að bíta. Börnin okkar voru líka innilega glöð að vera komin aftur „heim“, í Voitó hittu þau gamla vini að leika við, fóru á akurinn og grilluðu maís.

En það hafði ekki bara grænkað í náttúrunni, því mikill vöxtur er einnig innan kirkjunnar. Þótt þurrkar taki við og grösin sölni í Voitó þá virðist kirkjan blómstra. Nokkrir nýir söfnuðir hafa orðið til og kirkjurnar eru vel sóttar. Sérstaklega eru börnin dugleg að mæta og segja má að nokkuð víða sé fullorðna fólkíð, sem

hefur kannski sjálft ekki tekið trú, hætt að banna börnunum sínum að fara í kirkju. Mjög mörg börn í Voitó alast upp og líta á kirkjuna og sunnudagaskóla sem eðlilegan hluta af tilverunni. Stærsta byggðin í Voitó heitir Bíræle og liggur við þjóðveginn. Þar hittast nú mörg hundruð manns á hverjum sunnudegi í nýrri kirkju, sem er reyndar ekki alveg tilbúin. Guð er góður og mig langar til að biðja alla kristniðóðsvini um að þakka í bæn Guði fyrir þennan mikla vöxt. Ekki er svo að skilja að vöxturinn sé án vandamála eða að allt sem fram fer í kirkjunni sé eins og best verður á kosið. En það er vöxtur í Voitó, vöxtur sem Guð hefur gefið.

Á persónulegu nótunum þá gladdi það mig einna helst að koma á ný til þorpsins Zegarma, sem liggur um 7 kílómetrum fyrir sunnan kristniðóðslóðina. Þar gaf Guð örlitla vakningu á meðan við vorum starfandi í Voitó. Auðvitað var gaman að sjá huggulega kirkjubyggingu en ánægjulegast fannst mér að hitta fyrir sömu öldunga (ungir menn) og þegar við vorum þar, þeir hafa reynst staðfastir án nokkurrar veraldlegrar umbunar og þeir eru bara brosandir í trúnni, ef svo má að orði komast. Guð blessi fólkíð í Voitó.

Kristján Þór Sverrisson



Drengur og stúlka í Zegarma.



Jónas Baila bíblíuþýðandi ásamt Alemnesh, eiginkonu sinni og börnum, fyrir framan heimili þeirra í Voitó.



Voitó stúlka með nýjung í Voitó, asnakerru.



Öldungar í Zegarma og yfirmenn starfsins.



Kirkjan í Zegarma.

JÓLABOÐ Í GARÐINUM

Sveinn Einar Friðriksson Zimsen, kristniðóði í Malí, sendi okkur eftirfarandi bréf.

Eins og áður höldum við jólaboð í garðinum við húsið okkar í Narena. Við buðum kunningjum og ráðamönnum bæjarins. Við leigðum stóla og hengdum upp skyggni til að fá skugga. Í veisluna komu 130 fullorðnir og mörg börn. Ég, Sveinn Einar, bauð gesti velkomna og las vers úr Biblíunni. Nágrannakonur og konur úr kirkjunni í Siby sungu nokkur lög áður en presturinn, sem við störfum með, talaði. Jólaboðskapurinn var lesinn og við sögðum hvaða þýðingu hann hefði fyrir okkur. Þá buðum við upp á mat, hrísgrjón og pottrétt. Gestirnir lýstu ánægju sinni

með boðið. Jólaveislan og sams konar veisla sem við höldum um páskana eru mikilvæg tækifæri til að boða Guðs orð hér í þorpinu. Þegar fólk heldur sínar stóru veislur eins og t.d. Id, er okkur boðið til þeirra og við þiggjum slík boð. Þegar við höldum veislu veit fólk að það kemur til að halda upp á hátíð þeirra kristnu. Og þeim finnst ekkert óeðlilegt að hjá okkur er lesið úr Biblíunni. Eftir jólaveisluna spurði einn gestanna um Nýja testamentið og annar tjáði okkur að hann langaði að lesa með okkur í Biblíunni. Ég er núna byrjaður að lesa með honum tvisvar í viku. Okkur finnst við hafa verið bænheyrð. Guð er að störfum í Narena. Verið með að biðja fyrir okkur og starfinu hér.



VINSÆL BARNAMÓT Í MALÍ

Barnamótin í Narena í Malí njóta mikilla vinsælda. 9. og 10. janúar komu 400 börn á fjórða barnamótið sem haldið var í barnaskólanum í Narena. Aldrei fyrr hafa svo mörg börn mætt.

BIBLÍAN OG LEIKUR

Börnin taka þátt í mótinu yfir daginn en fara heim til sín að sofa. Þau mæta snemma og leika sér áður en þau setjast við skólaborðin í kennslustofunum. Þar læra þau biblíusögur fram að hádegi. Þau fara síðan heim að borða og mæta aftur síðdegis. Þá eru leikir og skemmtun úti við. Loks fara þau inn í skólann og biblíusögur morgunsins rifjaðar upp og þau teikna og líta.

ÁHUGASÖM BÖRN

Á þessu móti lærðu börnin söguna um Sakkeus og Jesú og börnin. Þau fylgdust mjög vel með og sýndu mikinn áhuga. Við lítum á þetta sem mikilvægt verkefni og erum þakklát að mega taka þátt í því. Ósk okkar og bæn er að sáðkornið beri ávöxt.

Sveinn Einar Zimsen



„AF HVERJU KRISTNIBOÐ?“

Eins og sum ykkar vitið, starfa ég, Karl Jónas Gíslason, í Basarnum, nytjamaða Kristniboðssambandsins. Ein algengasta spurning sem ég fæ er: „Af hverju kristniboð?“ Mig langar að reyna að svara þessari spurningu með tveim sögum frá Epíópíu. Ég fór til starfa í Ómó Rate í haust, ásamt þremur sjálfboðaliðum, Kristínu Gyðu Guðmundsdóttur, Agli Erlingssyni og Páli Ágústi Þórarinssyni. Þar dvöldum við í þrjá mánuði nema Páll Ágúst sem fór fyrr heim vegna veikinda.

Í nágrenni lóðar kristniboðsins í Ómó Rate er lítil húsaþyrping, þar sem maður að nafni Nasalle býr. Hann var fyrir mörgum árum vörður á lóðinni. Nasalle var sagt upp á sínum tíma og varð við það frekar óvinveittur starfi Mekane Yesus kirkjunnar og Kristniboðssambandsins. Það gekk svo langt að hann reyndi allt hvað hann gat til að eyðileggja og hindra starf okkar í Ómó Rate. Hann fór í mál við okkur og reyndi að telja yfirvöldum trú um að við hefðum tekið landið undir lóðina, eignarnámi. Þetta væri landið hans og hann vildi fá það til baka. Ég veit ekki hversu oft ég þurfti að fara inn á lögreglustöðina til að standa fyrir máli mínu og kirkjunnar. Nasalle fylltist reiði og hatri í minn garð. Hann reyndi allt til að koma höggi á mig. Hatur hans á okkur, kirkjunni og kristniboðinu, varð dýpra og sterkara með hverjum degi sem leið. Hann reyndi allt! Nasalle er seiðmaður og hann fórnaði geit og smurði sig í blóð hennar. „Nú mun ég sigrast á Kalla og Girma!“ fullyrti hann. En ekkert gerðist. Að lokum fékk hann leigumorðinga til að koma undirrituðum og Girma, sem þá var leiðtogi heilsustarfs kirkjunnar, fyrir kattarnef. Leigumorðingjarnir komu frá Keníu, en þegar þeir fréttu að einn þeirra sem þeir ættu að myrða væri hvítur, neituðu þeir og sneru aftur til síns heima. Við Girma fórum til lögreglunnar og létum vita af þessu. Lögreglustjórinn boðaði Nasalle á sinn fund. Við mættum einnig, með pappíra sem sýndu að kirkjan hafði fengið landið frá yfirvöldum, nokkuð sem við tókum alltaf

með okkur þegar við vorum boðaðir á fundi vegna lóðarmálanna. Lögreglustjórinn leyfði Nasalle að segja sína hlið á málinu. Að því loknu sneri hann sér að okkur og spurði hvort þetta væri satt og rétt. Við sýndum honum enn og aftur pappírana sem staðfestir voru með undirskriftum og stimplum, að lóðin var fengin frá yfirvöldum í Ómó Rate. Þá sneri lögreglustjórinn sér að Nasalle: „Ef þú svo mikið sem ýjar að því að kirkjan og kristniboðið hafi stolið landi þínu, varpa ég þér í fangelsi! Ef þú vilt kæra einhvern eru það yfirvöldin hér í Ómó Rate sem þú átt að kæra! Farðu nú og vertu til friðs!“

Þetta gerðist á árunum 2008 – 2010. Síðan þá hefur Nasalle verið til friðs, en hatur hans á okkur hefur ekki sleppt tókum á hjarta hans. Það hefur ætíð verið þannig að í hvert sinn sem ég mætti Nasalle, heilsaði ég honum og bað honum Guðs blessunar. Við hjónin höfum beðið mikið fyrir honum og fjölskyldu hans. Í haust sneri ég enn á ný til Ómó Rate. Bjarni, sem er sonur Nasalle og er heyrnarlaus, var mikið inni á lóðinni hjá okkur. Hann, ásamt Útte, föðurlausum dreng, voru krakkarnir okkar á lóðinni. Þeir léku sér við sjálfboðaliðana okkar Kristínu og Egil, fengu að borða og voru að dandalast í kringum okkur við hin ýmsu verk. Á þessum tíma kom Nasalle til mín. „Kalli, getur þú fyrirgefið mér? Ég iðrast alls þess sem ég hef gert á þinn hlut. Ég skil ekki hvernig þú hefur getað umborið mig og sýnt mér væntumþykju og hlýju þrátt fyrir allt sem ég hef gert þér. Fyrirgefðu?“ Ég er löngu búinn að fyrirgefa Nasalle. Af hverju og hvernig? Mér hefur verið fyrirgefið. Ég upplifði hvernig kærleikur Guðs, friður hans og æðruleysi, gaf kraft til að auðsýna Nasalle kærleika og umhyggju. Kærleikurinn var hatrinu yfirsterkari! Kærleikur Guðs og fyrirgefning birtist Nasalle í störfum kristniboðanna. Við fengum og fáum að vera boðberar þessa mikla kærleika. Kærleikans sem var tilbúinn að fórna lífi sínu til friðþægingar fyrir misgjördir okkar. Nasalle fékk að sjá kraft



Vinirnir Bjarni og Útte.

fagnaðarerindisins, skilyrðislausu fyrirgefningu og ást.

Eins og ég nefndi voru tveir drengir, Bjarni og Útte, mikið með okkur á lóðinni í Ómó Rate. Bjarni nýtur ákveðinnar verndar, ef svo má segja, vegna þess hverra manna hann er. Sonur seiðmanns. En hann er samt ekki alveg fullgildur meðlimur í samfélaginu vegna fötlunar sinnar. Útte er fyrsta barn móður sinnar. Hver pabbinn er veit enginn og hann er því hálfgerð úrhak. Þannig er staða föðurlausra drengja í samfélaginu. En hjá okkur nutu þessir drengir þess að fá að vera „bara strákar“. Vinátta þeirra var tær og þeim þótti greinilega vænt hvor um annan. Útte gat sýnt ótrúlegan kærleika. Stundum þegar afgangur var af mat hans og Bjarna, tók hann afganginn, gekk út að girðingunni og gaf börnum sem þar stóðu. Börnin, sem gátu verið svo andstyggileg við hann, mættu kærleika! Við komumst að því daginn áður en við snerum heim til Íslands, hvað nafnið Útte þýðir: prump þ.e. er loft sem enginn vill! Við urðum orðlaus og skömmuðumst okkar.

En viðbrögð Egils sögðu hug okkar. „Ég vil vera I-Útte!“ (pabbi Útte) sagði hann. En meðal Dasenetsmanna er það siður að faðir er kenndur við elsta barn sitt með því að bæta „I“ fyrir framan nafn barnsins. Meðal Dasenetsmanna eru ýmsir siðir og hefðir sem eru ómanneskjulegir og rangir. Börn líða og þjást vegna vanþekkingar og

hlekkinga Satans. Þjáning og böll eru ávextir þessara gömlu hefða og trúar. Ávöxtur kristinnar trúar er hið andstæða. „En ávöxtur andans er: kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværd og sjálfsagi.“

Við verðum að boða fagnaðarindið um Krist og kærleika Guðs á okkur.

„Þetta er kærleikurinn: Ekki að við elskuðum Guð heldur að hann elskaði okkur og sendi son sinn til að vera friðþæging fyrir syndir okkar. Þið elskuðu, fyrst Guð hefur elskað okkur svo mikið þá ber okkur einnig að elska hvert annað“ (1. Jóh. 4,11). Þetta er kristnið í hnotskurn.

Karl Jónas Gíslason

BLÓMLEGT ÆSKULÝÐSSTARF Í JAPAN

Kristniðarnir Katsuko og Leifur Sigurðsson búa og starfa á Rokkóeyju í Japan.

Febrúar, kaldasti mánuður ársins í Japan, er genginn í garð. Þrátt fyrir kuldan og skammdegið eru plómutrén byrjuð að blómstra en þau blómstra á kaldasta tíma ársins. Veðurfar breytist eftir árstíðum í Japan og hefur hver árstíð sín sérstöku einkenni. Á haustin klæðast trén í fallega haustliti, allt frá gulum, rauðum, kopar-rauðum og brúnum litum. Febrúar er mjög annasamur tími því þá halda flestir söfnuðir ársfundir. Líðið ár er gert upp og nýjar áherslur og áætlanir gerðar fyrir nýtt starfsár.

Tíminn líður ótrúlega hratt. Við höfum verið að koma okkur fyrir og kynnst lífinu á Rokkóeyju frá því við fluttum hingað í fyrrasumar. Eitt af mínum fyrstu verkefnum var að taka við blómlegu æskulýðsstarfi safnaðarins. Tvisvar í mánuði hittast unglingar, 13 ára og eldri, í kirkjunni á föstudagskvöldum. Við borðum saman, förum í skemmtilega leiki og hugleiðum Guðs orð. Það eru ekki margir söfnuðir sem getað státað af svona góðum hóp fjörugra unglinga. Kjarninn í hópnum eru systkinin Ayumi, Sei, og Koki Kadoya sem hafa svo sannarlega látið til sín taka í unglingastarfinu. Foreldrar þeirra taka ríkan þátt í safnaðarstarfinu og hefur verið mjög ánægjulegt að kynnst þeim.

Æskulýðsstarfið veitir einnig tækifæri til að kynnst öðrum krökkum sem ekki eru kristnir. Ég vil þó sérstaklega nefna pilt sem heitir Yamakawa san en með okkur hafa tekist ágæt kynni. Hann er að búa sig undir að fara sem skiptinemi til Bandaríkjana og hefur hann því áhuga

á að bæta enskukunnáttuna sína. Við reynum að hittast einu sinni í viku. Þótt hann sé ekki kristinn þá er hann áhugasamur og vill vita meira um kristna trú. Fyrir nokkrum árum byrjaði hann að koma í sunnudagaskólann þegar kristinn, kóreanskur vinur hans dró hann með sér í kirkjuna.

En það er ekki heiglum hent að finna tíma sem passar því japanskir skóla-krakkar sitja ekki auðum höndum. Flestir eru ótrúlega uppteknir og hafa vart tíma til að hvílast. Þegar skólagangan hefst tekur námið mikið af þeim litla frítíma sem krakkar hafa. Heimanám er mikið og mikil áhersla á próf. Oft eru ströng inn-tökupróf í góða framhalds- og háskóla. Margir nemendur fara í kvöldskóla þegar venjulegum skóladegi lýkur. Mikil áhersla er á að komast í góða háskóla til að fá gott starf.

Synir læra einnig af feðrum sínum mikilvægi þess að bita á jaxlinn og leggja sig allan fram við nám og starf. Japanskt samfélag gerir ráð fyrir því að launþegar vinni langan vinnudag og yfirvinnu og fari síðan út að drekka með samstarfsfólki sínu til að styrkja tengslin. Margir feður koma því ekki heim fyrr en kl. 10 á kvöldin. Drengir læra af feðrum sínum og taka upp svipaða hegðun. Þess vegna fara þeir að eyða meiri tíma með vinum sínum eftir að kvöldnáminu er lokið. Við kristniðarnir förum heldur ekki varhluta af þessari vinnuhörku, enda fer mikill tími í allskonar nefndarstörf og fundarhöld með innlendu samstarfsfólki.

Afleiðing þessa er mikið ójafnvægi í mörgum söfnuðum og konur oftast í miklum meirihluta kirkjugesta. Söfnuðurinn á Rokkóeyju er engin undantekning í þeim efnum. Margar konur biðja fyrir eiginmönnum og sonum sínum, að þeir muni frelsast og eignast persónulegt samfélag við Jesú Krist.

Biðjið fyrir Japan. Biðjið þess að feður og synir þessa lands geti eignast góðar fyrirmyndir svo þeir geti lifað sem kristnir einstaklingar í þjóðfélaginu. Biðjið fyrir okkur kristniðunum að við getum verið góð fyrirmynd. Og að Guð gefi okkur þolgæði.

Kveðja til kristniðs vina

Leifur Sigurðsson og fjölskylda í Japan.



Unglingar í æskulýðsstarfi kirkjunnar á Rokkóeyju.



Plómutrén í Japan blómstra í febrúar.

KRISTNIÐOÐI Í EIGIN LANDI

Kristniðoðarnir Katsuko og Leifur Sigurðsson búa og starfa í Japan. Katsuko er japönsk og er því kristniðoði í heimalandi sínu. Fréttblað Norska kristniðoðssambandsins (NLM) tók eftirfarandi viðtal við hana.

„Japanir eru glataðar sálir en dýrmæt- ar í augum Guðs“, segir Katsuko. Hún var sjálf glötuð sál en Jesús fann hana. Í fyrrasumar var hún vígð til kristniðoðs- starfa á móti Kristniðoðssambandsins á Löngumýri í Skagafirði.

Katsuko er gift Leifi Sigurðssyni sem var áður kristniðoði í Pókot í Keníu. Þau starfa nú annað tímabil sitt í Japan. Katsuko segir hér frá því hvernig sé að vera kristniðoði í eigin landi.

„Ég stend betur að vígi þar sem ég skil, tala og les japönsku. Japanska er erfitt tungumál. Kristniðoðar eru í mála- skóla í tvö ár áður en þeir hefja störf en það tekur mun lengri tíma að hafa málið á valdi sínu eða tala reiprennandi.

ÞÝÐANDI

Ég þekki vel japanska menningu sem er um margt sérstök. Í samanburði við Vest- urlönd er menningin í Japan mjög flókin. Hið ósagða skiptir oft meira máli en hið sagða. Samskipti mín við fólk verða því auðveldari og ég skil betur hugsunargang þess. Ég er ekki alin upp á kristnu heimili svo ég veit hvað fólk hugsar um Guð, dauðann og aðrar mikilvægar spurningar lífsins. Sú þekking gagnast mér þegar ég tala við fólk um lífsspurningar. Jafnframt get ég hjálpað manninum mínum mikið. Þegar Leifur er önnur kafinn og þarf að lesa mikið get ég þýtt fyrir hann.

BOÐSKAPUR BIBLIUNNAR GETUR MÓÐGAÐ

En reynsla mín af japanskri menningu getur hindrað mig. Í Japan er mikilvægt að hafa jafnvægi í samskiptum. Við eigum orðtak sem segir að standi nagli út verði hann barinn niður. Ég reyni því að halda jafnvægi til dæmis í vináttu við mæður sem ég kynnist gegnum börnin. Útlend-

ingar gera sér ekki alltaf grein fyrir þessu svo þeir geta verið djarfir í boðun fagn- aðarerindisins. Fyrir Japani er boðskapur Biblíunnar ágengur og án málamiðlunar svo að fólk getur auðveldlega móðgast.

SUONA GERUM VIÐ EKKI Í JAPAN!

Ég kann líka rétta hegðun við ólíkar að- stæður og fólk ætlast til þess að ég komi fram á japanska vísu. Það hindrar mig í að komast í samband við ókunna. Þegar við fluttum til Rokkóeyjar í fyrrasumar, kynnti maðurinn minn okkur fyrir öllu fólki sem við hittum og býr í sama húsi og við og sagði frá starfi okkar. Ég sagði honum að slíkt gerðum við ekki í Japan. En seinna þegar ég fór að hugsa um þetta sá ég að japanski hugsunarháttur minn hindraði mig í að kynnast nýju fólki. En hinsvegar, ef ég hefði hegðað mér svona, hefði það valdið fólki óþægindum og það reynt að forðast mig. Fólk hegðar sér öðru vísi gagnvart útlendingum en Japönnum. Það ætlast ekki til að þeir hegði sér eins og Japanir. Útlendingar búa við frelsi sem getur leitt til nýrrar vináttu.

Tilraunir mínar til að kenna Leifi rétta framkomu geta leitt til þess að hann ótt- ast að gera eitthvað rangt. Ég get gefið honum mikilvægar upplýsingar um rétta hegðun en það getur leitt til þess að hann missi frelsið og hvatvísina.

EINSTÖK KRISTNIÐOÐAÚGSLA

Ég var vígð til kristniðoðsstarfa í fyrra- sumar á Íslandi. Sá sem sá um vígsluna var Samson Lokipuna, biskup í lútersku kirkjunni í Pókot í Keníu. Eftir vígsluna komu margir kristniðoðar sem starfað hafa í Pókot og óskuðu mér til hamingju og sögðu: „Í Japan eru margar glataðar sálir.“ Þessi orð hafa verið mér hvatning eftir að ég kom til Japans. Þegar við komum á brautarstöðina í Kobe voru þar tveir starfsmenn sem komu illa fram við mig. Áður fyrr hefði ég brugðist illa við en núna minnti Guð mig á að þeir væru glataðar sálir og dýrmætari í hans augum.

Þetta er ástæðan fyrir því að ég er hér í Japan sem kristniðoði.

LIFANDI VATN

Ég bý í eigin landi til að segja þjóð minni frá Jesú og dýrmætu gjöfinni hans. Þegar ég lít í kringum mig er ég umkringd fólki sem þekkir hann ekki. Þrátt fyrir kosti og galla þess að vera kristniðoði í eigin landi hefur Guð kallað mig og íslenska eigin- mann minn til starfa í Japan. Það er von mín og bæn að fólkið mitt kynnist hinu lif- andi vatni sem segir frá í Jóhannesarguð- spjalli, 4. kafla, versí 4: „En hvern sem drekkur af vatninu er ég gef honum mun aldrei þyrsta að eilífu. Því vatnið, sem ég gef honum, verður í honum að lind sem streymir fram til eilífs lífs.“

(Heimild: Utsyn)



Katsuko Sigurðsson með yngri dóttur sína, Elínu og eiginmaður hennar, Leifur Sigurðsson, ásamt vígsluvottum, Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri



Kristniðoðssambandsins, Katsuko Sigurðsson, nývígður kristniðoði og Samson Lokipuna, biskup í Pókot í Keníu.

UNGA FÓLKID OG KRISTNIÐÓÐID

Fimmtudaginn 25. febrúar koma gestir frá NLM-ung í Noregi og taka þátt í fundi hjá Kristilegu stúdentafélagi (KSF). Gestirnir starfa að boðun og kristniðóðskynningu meðal ungs fólks í Noregi. Markmiðið með ferð þeirra til Íslands er að hvetja ungt fólk til að taka þátt í kristniðóði og fara á UL mót (Ungdommens landsmöte) í Noregi í sumar.



Frá UL síðasta sumar.

Fimmtudagur 25. febrúar kl. 20.30 í Kristniðóðssalnum.

NLM-ung taka þátt í fundi KSF. Hvatning til þátttöku á UL og kristniðóði.

Föstudagur 26. febrúar kl. 18 í Kristniðóðssalnum.

NLM-ung taka þátt í fjölskyldu/ungmennastarfi SÍK



Laugardagur 27. febrúar kl. 20 í húsi KFUM og K á Holtavegi.

NLM-ung taka þátt á KSS-fundi. Efni tengt UL og kristniðóði.



„KRISTUR OG ÉG“

Kristniðóðsvika í Reykjavík og nágrenni, 28. febrúar - 6. mars 2016

Árleg kristniðóðsvika verður haldin í Reykjavík 28. febrúar til 6. mars. Dagskráin verður fjölbreytt þar sem fram kemur fjöldi fólks. Á kristniðóðsvikunni beinum við sjónum okkar til Eþíópíu og starfinu þar. Lesendur Kristniðóðsfrétta eru hvattir til að biðja fyrir samkomunum og taka þátt í þeim. Yfirskrift vikunnar er „Kristur og ég“ sem minnir á andlega vídd starfsins auk þess að minna á margvísleg verkefni á sviði kærleikspjónustu og boðunarstarfs.

Sunnudagur 28. febrúar kl. 20:

Tómasarmessa í Breiðholtskirkju.

Tómasarmessan markar upphaf kristniðóðsvikunnar og eru kristniðóðsvinir hvattir til að koma í Breiðholtskirkju. Tónlist KSH og Þorvaldur Halldórsson. Hugleiðing: Birna G. Jónsdóttir.

Mánudagur 29. febrúar kl. 20 í Kristniðóðssalnum.

UL – fundur.

Allt ungt fólk velkomið.

Þriðjudagur 1. mars kl. 20: Samkoma í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg.

Upphafsorð: Kristbjörg Gísladóttir. Karlakór KFUM syngur. Kristniðóðsefni: Ásta María Karlsdóttir. Hugleiðing: Ragnheiður Guðmundsdóttir. Kaffi og meðlæti eftir samkomuna.

Miðvikudagur 2. mars kl. 20:00: Samkoma í Kristniðóðssalnum.

Upphafsorð: Jarle Reiersen. Söngur: Keith Reed. Kristniðóðsefni: Kristján Sigurðsson og Hulda Jónasdóttir. Hugleiðing: Margrét Jóhannesdóttir. Kaffi og meðlæti eftir samkomuna.

Fimmtudagur 3. mars kl. 20: Samkoma í húsi KFUM og KFUK Holtavegi.

Upphafsorð: Hilmar Einarsson. Efni: Jóhann Herbertsson. Hugleiðing: Karl Jónas Gíslason. Kaffi og meðlæti eftir samkomuna.



Föstudagur 4. mars kl. 18: Fjölskyldusamkoma í Kristniðóðssalnum.

Samkoma í höndum Kristjáns Þórs og Helgu Vilborgar.

Laugardagur 5. mars kl. 20: Samkoma með KSS í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg.

Efni og tónlist í höndum Bjarna Gíslasonar og fjölskyldu. Hugleiðing: Bjarni Gíslason. Ekkert kaffi eftir fund, sjoppa KSS.

Sunnudagur 6. mars kl. 14: Samkoma í Kristniðóðssalnum.

Lokasamvera kristniðóðsvikunnar. Kristniðóðsefni: Páll Ágúst Þórarinsson. Hugleiðing: Guðlaugur Gunnarsson.


MIKILL VÖXTUR Í STARFINU Í PÓKOT

Skúli Svavarsson og Kjellrun Langdal starfa um þessar mundir í Pókot í Keníu. Hér koma fréttir úr bréfum Skúla.

Það er komið kvöld eftir sólríkan sunnudag. Vikurnar líða hver af annarri og ég kenni á prédikaranámskeiði í Kapengúría. Ég hef einnig tekið þátt í fundum og umræðum um starf kirkjunnar. Skortur á fjármagni veldur því að kirkjan getur ekki sinnt öllum sem biðja hana að hefja starf í þeirra sveit. Sannarlega er það gleðilegt að margir biðja um að fá fræðslu í Guðs orði en dapurlegt að geta ekki sinnt öllum. Það er stórkostlegt að sjá hvað fólk í kirkjunni leggur á sig til þess að ná til sem flestra með fagnaðarerindið. Einn prestanna í Sekerr kom til okkar í gær og sagði okkur frá starfinu þar. Þar er gríðalegur vöxtur og stöðugt bætast við nýir söfnuðir. Kirkjurnar eru troðfullar. Þar er nú framhaldsskóli með tvöfalda bekki í öllum árgöngum. Kristna fólkið í söfnuðunum hefur sjálft fjármagnað skólabyggingar og heimavistir.

Prédikaranámskeiðinu, sem ég hef verið að kenna á, lýkur um miðjan febrúar. Allir nemendur náðu prófunum og sumir skiluðu frábærum árangri. Það er gaman að sjá hve mikið nemendurnir leggja á sig. Biðjum fyrir prédikurunum þegar þeir halda til starfa í heimabyggð.

Við Kjellrun fórum í guðsþjónustu til Propoi sem er við kristniðóðsstöðina í Cheparería. Þar var sameiginleg guðsþjónusta fyrir söfnuðinn og stúlkurnar í framhaldsskólanum sem þar er. Þegar við komum var matsalur skólans þéttsetinn. Stúlkurnar í skólanum voru að syngja. Það eru margir kórar í skólanum. Að minnsta kosti þrír sem sungu við þessa guðsþjónustu. Auk þess er fjölmennur kór í Propoi söfnuðinum, 40-50 manns á öllum aldri. Fyrstu þrjú klukkutímar guðsþjónustunnar var söngur og vitnisburðir. Söngurinn var mjög líflægur og kórfólkið dansaði um sviðið og dillaðu sér í takt við



Áhugsamir nemendur á prédikaranámskeiði í Kapengúría.

lögina. Þegar kom að því að ég átti að tala var matsalur skólans troðfullur og meira en það, að minnsta kosti 500 kirkjugestir voru þarna. Það var mjög gott að prédika í guðsþjónustunni og finna áhuga og eftirvæntingu fólksins.

Venjulega er farið syngjandi úr kirkju í Pókot þegar guðsþjónusta lýkur og svo er mynduð röð og allir kveðja með handabandi. Þegar við komum út vildu allir heilsa upp á okkur og það myndaðist troðningur í kringum okkur. Við áttum að fá mat í skólanum en það var ekki auðvelt að komast þangað vegna þess hve margir vildu ræða við okkur. Það er afar

ánægjulegt að sjá hversu mikinn ávöxt starfið hefur borið.

Skúli Svavarsson



Verðandi djóknar og prédikarar í kirkjunni í Pókot.



Guðsþjónusta í Propoi.

ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM AÐILUM VEITTAN STUÐNING

Reykjavík

ASK Arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
Bílasmiðurinn hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Brauðhúsið ehf
Danica sjávararafurðir ehf
Efling stéttarfélag
Endurskoðun og reikningsskil hf
Fastus ehf
Fiskmarkaðurinn ehf
Gamla smiðjan
Garðs Apótek ehf
Gjögur hf
GLÁMA-KÍM arkitektar
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf
Gullkistan skrautgripaverslun-www.thjodbuningasilfur.is
Gullsmiðurinn í Mjódd
Halli Gullsmiður
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Henson sports
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Víðey ehf - 4th Floor Hotel
Höfðakaffi ehf
Innes ehf
Íslensk endurskoðun ehf
Íslenska auglýsingastofan
Kjörgarður
Kórall sf
Kvika ehf
Löndun ehf
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Nýi ökuskólinn ehf
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Orka ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Pósturinn
SFR stéttarfélag í almannajónustu
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Suzuki bílar hf
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tónskóli þjóðkirkjunnar - Grensáskirkju
Tróbeco ehf
Utánríkisráðuneytið
Varma & Vélaverk ehf
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunin Brynja ehf
Þorsteinn Bergmann ehf
Ögurvík hf
Öryrkjabandalag Íslands

Kópavogur

ABC-Barnahjálpar
Íslenskt marfang ehf
Pottagaldrar ehf
Rafmiðlun hf
Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf
Veitingajónusta Lárusar Loftssonar

Garðabær

Árvík hf
Fagval ehf

Garðabær
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan
Ísafoldarprentsmiða ehf
Íslandsfundir ehf

Hafnarfjörður

Ás, fasteignasala ehf
H. Jacobsen
Hrafnistuheimilin
Verkalýðsfélagið Hlíf
Viðir og Alda ehf

Reykjanesbær

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík

Hópsnes ehf
Marver ehf
Veitingastofan Vör ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

Sandgerði

Verk- og tölvuþjónustan ehf

Mosfellsbær

Hestaleigan Laxnesi
Nonni litli ehf

Akranes

Spókur ehf-Hvalfjarðargöng
Verslunin Einar Ólafsson ehf

Borgarnes

Vélabær, bíla- og búvélaverkstæði
Vélaverkstæðið Vogalæk

Stykkishólmur

Hvítasunnukirkjan Filadelfía
Stykkishólmi

Ólafsvík

Fiskverkunin Valafell

Reykholahreppur

Þörungaverksmiðjan hf

Ísafjörður

Samgöngufélagið-www.samgongur.is

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Glaður ehf

Flateyri

Sytra ehf

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

Tálknafjörður

T.V. Verk ehf

Árneshreppur

Hótel Djúpvík ehf

Blönduós

Húnavatnshreppur

Skagaströnd

Skagabyggð
Sveitarfélagið Skagaströnd

Sauðárkrókur

Vörumiðlun ehf

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði

Siglufjörður

Fjallabyggð

Akureyri

Grófargil ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa

Dalvík

Vélvirki ehf, verkstæði

Egilsstaðir

Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
Fljóttsdalshérað
Miðás ehf

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður

Reyðarfjörður

Launafi ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

Neskaupstaður

Samvinnufélag útgerðamanna,
Neskaupstað
Síldarvinnslan hf

Fáskrúðsfjörður

Loðnuvinnslan hf

Höfn í Hornafirði

Skinney-Pinganes hf
Uggi SF-47

Selfoss

Bókaútgáfan Björk
Flóahreppur
Jeppasmiðjan ehf

Hveragerði

Garðyrkjustöð Ingibjargar

Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus

Ölfus

Eldhestar ehf

Vestmannaeyjar

Miðstöðin ehf
Ós ehf
Vinnslustöðin hf

STUTTAR FRÉTTIR

JÓLAGJAFIR ÞAKKAÐAR

Kristniboðssambandið þakkar öllum lesendum Kristniboðsfrétta sem gáfu kristniboðinu jólagjöf. Allar gjafir koma sér vel og eru vel nýttar í starfinu. Guð blessi ykkur!

NYTJAMARKAÐURINN - BASARINN

Basarinn í Austurveri er mjög mikilvæg teljulind fyrir Kristniboðssambandið. Basarinn leggur áherslu á að selja góða, vel með farna muni, föt, bækur og gjafavöru. Það er mikil vinna að flokka og yfirfara vörur og er hjálp vel þegin. Alltaf er hægt að bæta við fleiri sjálfbóðaliðum svo hafið endilega samband ef þið hafið tíma aflögu. Basarinn er opinn virka daga frá kl. 11-18, s. 5626700. Basarinn er á [facebook](#): Basarinn - Nytjamarkaður - Second-hand shop. Þar má oft sjá tilkynningar um nýjar spennandi vörur.

GJAFAKORT, TÆKIFÆRISKORT OG MINNINGARKORT

Við minnum á gjafakortin. Þau er hægt að gefa við öll tækifæri og eru upplögð handa þeim sem allt eiga. Hægt er að velja á milli níu tegunda og styðja þar með níu mismunandi verkefni. Verðið er frá kr. 2000-10.000. Þá eru til sölu falleg tækifæriskort á góðu verði í Basarnum, einnig falleg handgerð kort sem fátækar konur í Keníu búa til. Við minnum einnig á minningarkortin. Hægt er að nálgast kortin í Basarnum, Austurveri, Háaleitisbraut 68, s. 5626700 og á skrifstofu Kristniboðssambandsins Háaleitisbraut 58-60 s. 5334900.

FJÖLSKYLDUSAMKOMUR

Fjölskyldusamkomur eru annan hvern föstudag kl. 18 í Kristniboðssalnum, Háaleitisbraut 58-60. Pítsa og gos á vægu verði, söngur og hugvekja. Börn og fullorðnir velkomnir.

KAFFISALA

Kristniboðsfélag kvenna býður að vanda til kaffisölu 1. maí í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut 58-60. Gott er að fá sér kaffi og með því og styrkja um leið gott málefni. Allir eru hjartanlega velkomnir.

AÐALFUNDUR SÍK

Aðalfundur Kristniboðssambandsins (SÍK) verður haldinn miðvikudaginn 4. maí í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut 58-60. Nánar auglýst síðar.

UMSLÖG OG FRÍMERKI

Eins og undanfarin ár safnaði Pósturinn umslögum og frímerkjum fyrir SÍK í janúar. Margir lögðu leið sína með umslögin af jólapóstinum bæði í pósthúsin og Basarinn í Austurveri og eru þeim hér með færðar þakkir. Jarle Reiersen sér um að koma frímerkjunum í verð og í fyrra seldust frímerki og mynt fyrir fjórar milljónir. Jarle eru færðar þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf við frímerkin. Þessir fjármunir skipta miklu máli í starfi Kristniboðssambandsins og hvetjum við alla til að halda áfram að gefa frímerki til góðra verka. Tekið er á móti frímerkjum og mynt allan ársins hring í Basarnum í Austurveri, Háaleitisbraut 68 og Litla húsinu á Akureyri. HENDUM EKKI VERÐMÆTUM!

FÖSTUOAGSKLÚBBUR

Bíblíufræðsla og leikir fyrir 10-15 ára börn og unglinga eru annan hvern föstudag kl. 18 í Kristniboðssalnum, Háaleitisbraut 58-60.

SAMKOMUR Á MIÐVIKUÖGUM Í KRISTNIBOÐSSALNUM Á HÁALEITISBRAUT

Uppbyggilegar og fræðandi samkomur eru í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut 58-60 hvert miðvikudagskvöld kl. 20:00. Allir eru hjartanlega velkomnir. Dagskrá á samkomunum má finna á heimasíðu Kristniboðssambandsins, <http://sik.is/> og í Morgunblaðinu.

LÁTUM SKÓNA GANGA AFTUR

Á sorpustöðvum höfuðborgarsvæðisins eru skógámar merktir *Látum skóna ganga aftur*. Gámarnir eru á vegum Kristniboðssambandsins og eru kristniboðsvinir hvattir til að gefa gamla skó í þessa gáma. Þeim er komið í verð og rennur ágóðinn til starfs kristniboðsins. Í fyrra söfnuðust um þrjár milljónir króna fyrir skóna.

BASARINN **NYTJAMARKAÐUR**
KRISTNIBOÐSSAMBANDSINS 

